

Aðalstjórnarfundur UMFT

6. desember 2012

Mættir voru: Gunnar Þór, Magnús og Inga Huld

1. Val á íþróttamanni Tindastóls 2012

Val á íþróttamanni Tindastóls mun fara fram þann 28. desember í Húsi Frítímans, um leið mun val á íþróttamanni UMSS einnig fara fram.

Jón Dan mun koma upplýsingum áfram til deildana varðandi val á íþróttamanni Tindastóls

Sömu reglur gilda varðandi valið og verið hafa, þrátt fyrir umræður um breytingar á þessu fyrirkomulagi.

2. Heimasíða félagsins

Stefán Arnar er byrjaður að vinna að breytingum á heimasíðu Tindastóls. Stefnt er á að gera hana aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.

3. Staðan á rútumálinu

Kaupin á rútunni eru frágengin og stefnt er á að hún komi til félagsins fyrir jóla. Rútan tekur 21 farþega. Enn á eftir að ákveða hvernig fyrirkomulagið verður með rútuna og rekstur hennar. Einnig þarf að taka ákvörðun um aðra bíla félagsins. Fljótlega verður haldinn fundur með formönnum deildanna til að fara yfir rútumálin.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Inga Huld Þórðardóttir, ritari